





Samþykkt þann
14 MAR 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

EINBÝLISHÚS VIÐ HLÍÐARÁS 16 HAFNARFIRÐI

BYGGINGARLÝSING

Burðarkerfi
Húsið er grundað á klöpp og staðsteypt á hefðbundinn hátt.
Allar botnplötur eru 150mm þykkar og einangraðar að neðanverðu með 75mm einangrun.
Gólfplata á milli hæða er 180-220mm þykk.
Steyptir veggir eru flestir 180mm þykkir en veggir sem halda við jarðveg eru 200mm og steyptir innveggir 150-160mm.
Þakplötur, svalir og skyggni eru staðsteypt með nauðsynlegum vatnshalla. Þykkt þakplatna er 200-370mm vegna vatnshalla.

Utanhússfrágangur
Að utanverðu verða veggir í múrkerfi.
Gluggar og hurðir verða úr áll. Gler er K-gler (skv. BR. gr 180.3).

Þakplötur verða steyptar með nauðsynlegum vatnshalla (1/50). Flotað verður ofan á steyptan flöt til að ná æskilegum halla að niðurföllum. Ofan á steypt þak kemur tjörulag/þolplast sem nær upp á veggi umhverfis þakflötinn. Ofan á það kemur fyrst 150mm þykkt 17kg einangrunarplast og síðan 50mm þykkt 24kg einangrunarplast. Ofan á einangrunina leggst glerfilt og að lokum er þakflöturinn vatnsvarinn með protan þakdúk sem síðan verður fergður með flokkaðri möl.
Svalir og skyggni halla frá veggjum að útbrún þar sem innsteypt renna mun veita vatni í niðurföll. Yfirborð svala og skyggna verða varin með útifloti.

Verksmiðju- og verkstæðisframleiddar byggingareiningar sem ætlað er sérhæft hlutverk í byggingunni skulu ávallt bera vottun skv. ákvæðum byggingarreglugerðar, nr. 441/1998, gr. 120.

Innanhússfrágangur
Veggir og loft verða sandspörtluð.
Öll gólf eru með iðgn ofan á gólfhitalögnum og ýmist lögð parketi eða flotuð.
Léttir veggir eru úr 2x13mm gipsi á blikkstoðgrind og fylltir steinull.
Innanhússstigi verður steyptur á staðnum. Brunaþol stiga er a.m.k. RE 30.
Arinn er í útvegg til norðausturs. Rörið verður staðsett fyrir utan útvegg. Að öðru leyti verða eldstæði og skorsteinn útfærð í samræmi við 192. og 193. gr. í byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Lagnir
Neysluvatnslagnir eru úr álplasti . Gert er ráð fyrir gólfhita í öllum rýmum hússins nema bílskúr sem verður upphitaður með ofnum.

Brunamál
Allar klæðningar verða í flokki 1.
Björgunarop eru út úr öllum svefnherbergjum.
Á milli bílgeymslu og íbúðar er EI-CS-30 hurð.
Veggir í kringum bílgeymslu eru allir steinsteyptir.
Reykskynjarar eru í öllum svefnherbergjum, í bílgeymslu og í stofum .
Handslökkvitæki er í bílgeymslu.

Einangrunartölur

Þak	0.2
Útveggir	0.4
Gluggar	1.5 - 2.0
Hurðir	3.0
Gólf	0.3

Heildarstærðir
Brúttóflatarmál: 294,9 m2 þar af 29,0m2 í bílgeymslu
Brúttórúmmál: 991,5 m3
stærð lóðar: 670 m2
nýtingarhlutfall: 0,44

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN.	TEIKN.
A	07.03.2007	- Breytingar samkvæmt athugasemdum byggingarnefndar		

á stofunni arkitektar
Bergstaðastræti 10. Rvk. Sími 551 1460. Stofan@stofunni.is

Finnur Björgvinsson, arkitekt FAÍ KT: 180946-3069
Hilmar Þór Björnsson, arkitekt FAÍ KT: 280845-3109
Sigríður Ólafsdóttir, arkitekt FAÍ KT: 071070-5069

Hlíðarás 16
einbýlishús - grunnmynd efri hæðar , Astöðum.

HANNAÐ/TEIKN. HÞB
ATH.
SAMÞYKKT
KT. 660589-1399
KVARði 1/100
REYKJAVÍK 11.02.2007
VERKNR. 06-34
TEIKN. NR. A-BG1-001
BR. A